

Tillaga til þingsályktunar

um þjóðaratkvæðagreiðslu um stjórn fiskveiða.

Flm.: Þór Saari, Birgitta Jónsdóttir, Margrét Tryggvadóttir.

Alþingi ályktar að efnt skuli til þjóðaratkvæðagreiðslu um þau frumvörp sem lögð hafa verið fram um breytingar á fiskveiðistjórnarkerfinu. Spurningin sem borin verði undir þjóðina í atkvæðagreiðslunni hljóði svo: „Hvaða fyrirkomulag vilt þú að haft verði við stjórn fiskveiða?“ Möguleg svör verði:

- Samkvæmt frumvarpi ríkisstjórnarinnar (þskj. 1475, 827. mál, 139. lögb.).
- Samkvæmt frumvarpi Hreyfingarinnar (þskj. 1510, 839. mál, 139. lögb.).
- Hvorugt framangreindra.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi er sett fram vegna þeirra frumvarpa sem nýverið hafa verið lögð fyrir Alþingi um breytingar á fiskveiðistjórnarkerfinu og þeirrar stefnu Hreyfingarinnar að öll stærri mál eigi að fara í þjóðaratkvæðagreiðslu en breytingar á fiskveiðistjórnarkerfinu eru eitt af þeim stóru og langvarandi deilumálum sem stjórn málaflokkar á Alþingi hafa setið uppi með og ekki getað leyst. Tillagan er einnig í beinu framhaldi af umræðu um þessi mál á vettvangi stjórn mála þar sem forsætisráðherra hefur ítrekað lýst vilja sínum til þess að breytingar á fiskveiðistjórnarkerfinu eigi að fara í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Frumvörpin eru um margt ólík og þjóða því upp á raunverulega valkosti en um það snýst einmitt alvörulýðræði, þ.e. um raunverulega valkosti. Frumvarp ríkisstjórnarinnar er sett fram sem málamiðlun ólíkra sjónarmiða sem fram komu í starfi nefndar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra sem skilaði skýrslu sinni í september síðastliðnum. Frumvarp Hreyfingarinnar tekur hins vegar mið af almennum sjónarmiðum og leitast við að samræma byggðasjónarmið, réttlætissjónarmið og hagkvæmnissjónarmið með fáum en markvissum tillögum.

Í lögum um þjóðaratkvæðagreiðslur kemur fram að heimilt er að vísa lagafrumvörpum til þjóðaratkvæðis. Tillaga þessi gerir ráð fyrir að frumvörpin fari í hefðbundið umsagnarferli hjá viðkomandi nefnd og að því loknu verði innsendar athugasemdir gerðar opinberar og þá séu málin tilbúin til kynningar fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu. Þjóðaratkvæðagreiðslan býður upp á þrjá valkosti, frumvarp ríkisstjórnarinnar, frumvarp Hreyfingarinnar og hvorugt.